



Borgarráð

Heildstæð athugun á starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins - Tillaga að tíma- og kostnaðaráætlun

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögu um tíma- og kostnaðaráætlun vegna heildstæðrar athugunar á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að undirbúa viðauka við fjárhagsáætlun vegna þessa, heildarkostnaður er áætlaður 76 m.kr. Fyrir liggur umsögn fjármála- og áhættustýringasviðs.

Greinargerð:

Í samræmi við samþykkt borgarráðs 10. mars og 22. júlí 2022 um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins og tilnefningu í nefnd sem sér um athugunina, skal nefndin leggja fyrir borgarráð tíma- og verkáætlun um störf nefndarinnar þar sem fram komi meðal annars umfang og áherslur í starfinu, auk áætlaðs kostnaðar sem skal jafnframt yfirfarinn af fjármála- og áhættustýringasviði Reykjavíkurborgar. Miðað er við að nefndin skili lokaskýrslu sinni til borgarráðs eigi síðar en 31. mars 2023. Borgarráð ákveður þá meðferð sem lokaskýrsla nefndarinnar skal fá. Kjaranefnd Reykjavíkurborgar hefur ákvarðað laun og önnur starfskjör nefndarmanna. Kostnaður af starfi nefndarinnar skal greiðast úr borgarsjóði nema annað sé ákveðið.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Fjárhagsáætlun vegna nefndar um vöggustofur, drög.

Umsögn fjármála og áhættustýringasviðs, dags. 7. nóvember 2022.

Borgarráð

Drög að fjárhagsáætlun nefndar um heildstæða athugun á starfsemi vöggustofa að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins

| | |
|--|-----------------------|
| 1. Verktakagreiðslur nefndar og rannsakenda: | |
| a) Nefndarfólk | kr. 58.000.000 |
| b) Starfsmaður m.v. fulla vinnu í 6 mánuði | kr. 8.000.000 |
| c) Aðstoð við samantekt og úrvinnslu gagna | kr. 3.500.000 |
| d) Endurrit á skýrslutökum | kr. 500.000 |
| 2. Skýrsla nefndar, umbrot, yfirllestur, prentun | kr. 1.000.000 |
| 3. Annað/aðkeypt þjónusta | kr. 5.000.000 |
| <u>Samtals</u> | <u>kr. 76.000.000</u> |

Miðað er við að unnið verði að skipulagningu og gagnaöflun frá lokum ágúst fram í desember og nefndarfólk vinni að því samhliða öðrum störfum. Gert er ráð fyrir að Pétur Hrafn Árnason sagnfræðingur verði í fullu starfi á vegum nefndarinnar um sex mánaða skeið. Formaður nefndarinnar gerir jafnframt ráð fyrir að starfa við nefndina í fullu starfi um fjögurra mánaða skeið í leyfi frá aðalstarfi. Nánari tímasetning ræðst af því hvenær búið verður að vinna úr fyrirbyggjandi gögnum og hægt verður að hefja undirbúning að skýrslutökum og öðru sem þarf til að ljúka rannsókninni og skýrslu sinni til Reykjavíkurborgar, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022. Stefnt er að því að skýrslan verði afhent undir lok mars 2023.

Þessi tímaáætlun og fjárhagsáætlun miðast við að ekki verði verulegar tafir á þeirri gagnaöflun sem þarf að fara í og greiðlega gangi að fá þá sem nefndin þarf að kalla fyrir sig til funda og svör af þeirra hálfu.

Áætlun þessi byggir á frumathugun nefndarfólks á fyrirbyggjandi gögnum Borgaskjalasafns um starfsemi vöggustofa Reykjavíkurborgar en nefndin taldi ekki unnt að gera raunhæfa fjárhagsáætlun fyrr en að þeirri athugun lokinni. Miðað við þessa frumathugun er viðbúið að vinna nefndarinnar verði tímafrekari en upphaflega var ætlað, þar sem umfang gagnanna er verulegt, þau eru að miklu leyti handskrifuð, auk þess sem gögn um starfsemina eru á öðrum skjalasöfnum en Borgarskjalasafni.

Nefndin mun leitast við að fylgja uppgefnum tímaramma en vinna nefndarinnar mun líklega útheimta fleiri vinnustundir en upphaflega var ráðgert. Nefndin telur þó ljóst að samþykkt

borgarráðs um að fela nefndinni að lýsa „eins og kostur er afdrifum þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofunum eftir að dvölinni lauk“ muni auka nokkuð umfang starfa nefndarinnar miðað við það sem lagt var til grundvallar í kostnaðarmati sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 45/2022. Af þeim sökum er gert ráð fyrir hærri launakostnaði í þessari áætlun en upphaflegu kostnaðarmati.

Áætlað er að nefndin muni verja tæplega 3000 vinnustundum til verksins og eru þá einnig meðtaldar vinnustundir sérfræðinga sem kunna að aðstoða nefndarfólk tímabundið vegna umfangs vinnunar og þess tímafrests sem settur hefur verið sem viðmið. Ætla má að liðlega 20% þeirrar vinnu lúti að því að lýsa „eins og kostur er afdrifum þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofunum eftir að dvölinni lauk“. Rétt er þó að taka fram að þessi þáttur áætlunarinnar er háður mestri óvissu þar sem vinna er ekki hafin við hann. Gert er ráð fyrir aðkeyptri sérfræðipjónustu í lágmarki og þá einungis að því leyti sem hennar kann að vera þörf vegna úrlausnarefna sem eru ekki á þekkingarsviði nefndarfólks.

*Nefnd um heildstæða athugun á starfsemi vöggustofa
að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.*

Kjartan Björgvinsson, formaður

Urður Njarðvík

Ellý Thorsteinsdóttir

<https://reykjavik.is/voggustofunefnd>

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra FAS

Umsögn um fjárhagsáætlun vegna nefndar um vöggustofu

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- áhættustýringarsviðs um drög að fjárhagsáætlun vegna vinnu nefndar um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Á fundi borgarráðs þann 10. mars sl. var samþykkt að kjósa þriggja manna nefnd óháðra sérfræðinga sem hafa það verkefni að gera heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins sem reknar voru í Reykjavík á síðustu öld. Skv. samþykkttri tillögu er jafnframt gert ráð fyrir að nefndin geti ráðið starfsmann í samstarfi við Innri endurskoðun og ráðgjöf. Gert er ráð fyrir að nefndin og starfsmaður hennar hafi aðsetur og afnot af húsakynnum Innri endurskoðunar og ráðgjafar sem er jafnframt tengiliður Reykjavíkurborgar við nefndina. Nefndin skuli vera sjálfstæð og óháð í störfum sínum og verður heimilt að kalla eftir aðstoð og upplýsingum frá aðilum innan og utan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar við einstaka þætti athugunarinnar.

Fyrir liggur kostnaðaráætlun fyrir störf nefndarinnar eða sem nemur samtals 76 m.kr. Áætlunin tekur mið af þeim forsendum sem að ofan greinir. Fjármála- og áhættustýringarsvið gerir ekki athugasemd við kostnaðarmatið en það er í nokkru samræmi við það mat sem gert var við undirbúning frumvarps til laga nr. 45/2022 um heimild Reykjavíkurborgar til að skipa nefnd til að kanna starfsemi vöggustofa.

Nefndin hefur þegar tekið til starfa og áætlað er að kostnaður á þessu árið verði um 12 m.kr. en það sem eftir stendur eða 64 m.kr. fellur til á árinu 2023. Nauðsynlegt er að gera viðauka við fjárhagáætlun fyrir árið 2022 vegna þessa og gera ráð fyrir breytingu á fjárhagáætlun 2023 í janúar n.k. þar sem um einskiptis kostnað er að ræða til að fjármagna verkefni nefndarinnar.

Virðingarfyllt,

Haldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



| | |
|--------------------------|---------------------------------------|
| Númer skjals: | FMS-EBL-029 |
| Skjalalykill: | 02.01 Fjárhagsáætlun |
| Útgáfa: | 1 |
| Útgáfudags: | 13.07.2018 |
| Síðast rýnt / næst rýnt: | 2020 / 2021 |
| Ábyrgðarmaður: | Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörs |

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáí tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

| | |
|--------------------|--|
| Dagsetning: | 08.11.2022 |
| Svið: | RHUS MSS |
| Unnið af: | Sigríður Finnbogadóttir |
| Verkefni/tillaga: | Vöggustofunefnd – nefnd um heildstæða athugun á starfsemi vöggustofa að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins |
| Þjónustubáttur: | |
| Stofnun/kostn.st.: | |
| Fjárhæð: | Árið 2022: 12.000.000 kr. Árið 2023: 64.000.000 kr. eða samtals 76.000.000 kr. |
| Annað: | |

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögu um tíma- og kostnaðaráætlun vegna heildstæðrar athugunar á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

Í samræmi við samþykkt borgarráðs 10. mars og 22. júlí 2022 um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins og tilnefningu í nefnd sem sér um athugunina, skal nefndin leggja fyrir borgarráð tíma- og verkáætlun um störf nefndarinnar þar sem fram komi meðal annars umfang og áherslur í starfinu, auk áætlaðs kostnaðar sem skal jafnframt yfirfarinn af fjármála- og áhættustýringasviði Reykjavíkurborgar. Miðað er við að nefndin skili lokaskýrslu sinni til borgarráðs eigi síðar en 31. mars 2023. Borgarráð ákveður þá meðferð sem lokaskýrsla nefndarinnar skal fá. Kjaranefnd Reykjavíkurborgar hefur ákvarðað laun og önnur starfskjör nefndarmanna. Kostnaður af starfi nefndarinnar skal greiddast úr borgarsjóði nema annað sé ákveðið.

Samkvæmt ákvörðun borgarráðs 21. júlí 2022 voru eftirfarandi skipaðir í nefndina:

- Kjartan Björgvinsson héraðsdómari, formaður
- Urður Njarðvík prófessor í barnasálfræði
- Ellý Þorsteinsdóttir félagsráðgjafi

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Með tillögunni er verið að stuðla að félagslegu réttlæti fyrir þann hóp sem kann að hafa orðið fyrir afleiðingum af vinnubrögðum sem voru viðhöfð á vöggustofunum. Markmiðið er að fá greinargóða lýsingu á starfsemi umræddra vöggustofa, staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á vöggustofunum hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð og loks að fyrir liggi tillögum um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.

Ljóst er að könnun nefndarinnar mun fela í sér umfangsmikla vinnslu persónuupplýsinga, oft viðkvæmra persónuupplýsinga og í einhverjum tilvikum upplýsinga um aðila sem standa höllum fæti. Gætt verður að

persónuverndarsjónarmiðum. Fundir nefndarinnar verða lokaðir, nefndarmenn og starfsmaður hennar eru bundnir þagnarskyldu og helst sú þagnarskylda eftir að störfum nefndarinnar lýkur.

Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.

Þeir hópar sem tillagan snertir eru hvað helst:

- Þau börn sem voru vistuð á vöggustofunum. Nákvæmur fjöldi og kynjaskipting barna liggur ekki fyrir. Ef gert er ráð fyrir að um 50 börn á ári hafi verið vistuð á því tímabili sem vöggustofurnar voru starfsræktar þá eru það um 1.200 börn. Ef gert er ráð fyrir sama kynjahlutfalli í almennu þýði (51% drengir og 49% stúlkur lifandi fædd árin 1949-1973) þá eru það um 612 drengir og 588 stúlkur sem gera má ráð fyrir að hafi verið vistuð á vöggustofunum. Þetta fólk er nú orðið fullorðið, og á aldrinum 49-73 ára, sé það lifandi.
- Aðstandendur barnanna. Foreldrar barna sem vistuð voru á vöggustofunum voru í flestum tilvikum í jaðarsettri stöðu t.d. vegna fátæktar, aldurs eða veikinda. Einnig var þó nokkuð um að börn einstæðra mæðra væru vistuð á vöggustofunum.
- Starfsfólk vöggustofanna. Fjöldi og kynjaskipting liggur ekki fyrir en gera má ráð fyrir að mikið af starfsfólki hafi verið konur t.d. hjúkrunarfræðingar, fóstur og ófaglærðar starfskonur. Einnig læknar og annað heilbrigðisstarfsfólk. Fyrrum starfsfólk, m.a. forstöðukonur, hafa lýst því hvernig þeim blöskraði þeir starfshættir sem þeim var lagt upp með að fylgja og hvernig tillögur þeirra að breytingum mættu andstöðu.
- Forstöðufólk, stjórnendur og aðrir sem komu að starfsemi og rekstri vöggustofanna, sem og meðlimir barnaverndarnefndar.
- Reykjavíkurborg og Ríkið sem báru ábyrgð á starfseminni og eftirliti með stofunum.
- Nefndarmenn Vöggustofunefndar og starfsmann nefndarinnar.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Tillagan hefur ekki bein áhrif á núverandi stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa. Hér er um að ræða mikilvæga söguskoðun og ef rétt reynist að verklag hafi verið ábótavant er hér líka um að ræða félagslegt réttlæti. Með því að varpa ljósi á söguna þá getum við dregið lærdóm af henni og komið í veg fyrir að slíkir atburðir endurtaki sig. Ef þurfa þykir mun nefndin setja fram tillögur að frekari viðbrögðum.

Mikilvægt er að meðlimir vöggustofunefndarinnar séu meðvitaðuð um kynjaða vídd samfélagsins í fortíð og nútíð. Á því tímabili sem vöggustofurnar voru starfræktar var staða kvenna að mörgu leyti ólík því sem nú þekktist. Umönnun barna og uppeldi var mestmegnis á þeirra herðum en karlar voru fyrirvinnan og unnu launaða vinnu utan heimilis. Þá var hlutfall kvenna í áhrifastöðum í samfélaginu enn lægra en nú er. Félagsleg þjónusta og stuðningur, fæðingarorlof og leikskólar voru ekki með sama hætti og í dag. Það má velta fyrir sér hvort mögulegar afleiðingar vanrækslu í frumbersku hafi ólík áhrif á drengi og stúlkur, m.a. vegna kynjaðra staðalmynda sem gera drengjum síður kleift að tjá og vinna úr tilfinningum sínum á uppbyggilegan hátt. Þá þarf einnig að hafa í huga hversu algengt kynbundið og kynferðislegt ofbeldi er, og þegar slík áföll bætast við önnur áföll getur það haft samlegðaráhrif á heilsu og líðan kvenna, en rannsóknir hafa sýnt kynbundinn mun á heilsu þar sem heilsa kvenna er gjarnan lakari en karla.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

Nei.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150 frá 2020 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.